

Hverfisnefnd Naustahverfis

16. fundur haldinn á Naustatjörn 23. Mars 2009.

Mættir voru Hrafnhildur E. Karlsdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Ásdís Birgisdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir og Sigurður Sveinn Ingólfsson.

Ánægja var með hverfakaffið sem haldið var í Brekkuskóla. Um 50 manns mættu á fundinn. Rætt um hvað fjallað var um á fundinum.

Umræða um fyrirspurn Jóhannesar Bjarnasonar um framkvæmd Dalsbrautar.

Rætt um hvað hægt væri að gera til að draga úr hraða í hverfinu. Umræða um gangbrautir og hvort hægt væri að bæta við fleiri biðskyldum.

Íbúalýðræði. Rætt um hvernig það virkaði og Hrafnhildur sagði frá námskeiði sem fram fór í HA sem hún og Bjarni Sigurðsson, varaformaður nefndarinnar fóru á.

Umræða um Naustaskóla og nýja kennara. Einnig hvort sparkvöllur yrði á áætlun.

Vorhátíð. Rætt um að hafa vorhátíð í júní, 11. eða 13.

Rætt um nauðsyn þess að semja starfsreglur fyrir hverfisnefndina.

Nauðsynlegt að fá göngustíg úr Lundahverfi yfir í Naustahverfi, bæði fyrir þá sem vilja fara í nýju Bónusbúðina og einnig fyrir krakka úr hverfinu sem eru að sækja á æfingar á KA-völlinn.

Fleira var ekki á dagskrá og fundi slitið.